

Keflavíkurflugvöllur ohf.
Flugstöð Leifs Eiríks
235 Reykjanesbær

Reykjavík, 18. nóvember 2025
UOS2511070/R.S.

Efni: Ósk um umsögn – Deiliskipulag – Vestursvæði KEF

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Keflavíkurflugvallar ohf. er barst 11. nóvember 2025 þar sem óskað er umsagnar Umhverfis- og orkustofnunar um tillögu að breytingu á deiliskipulagi vestursvæðis Keflavíkurflugvallar. Breytingarnar felast í skilgreiningu á nýrri lóð undir vatnsöflun, breytingu á lóðastærðum við Smyrilvöll og skilgreiningu á nýju svæði fyrir bílastæði.

Umsögn stofnunarinnar

Í skjölum sem sýna deiliskipulagstillöguna er talað um nýja lóð undir vatnsöflun. Þetta má skilja sem svo að á þessari nýju lóð muni fara fram eiginleg vatnsöflun en ef svo er þarf að gera nánari grein fyrir henni. Ef þarna er um að ræða tanka fyrir vatnsmiðlun þarf að breyta orðalaginu í skipulagsskjölunum til að koma í veg fyrir misskilning.

Í umfjöllun um nýtt bílastæði segir að við mótun og uppbyggingu bílastæðanna sé skylt að nota blágrænar ofanvatnslausnir og að minnst helmingur bílastæðanna skuli vera með gegndræpu yfirborði. Þá segir: „Afar strangar kröfur eru gerðar um mengunarvarnarbúnað á svæðinu“. Í því tilliti er vísað í greinar 4.18 og 4.36 í gildandi skipulagsskilmálum vestursvæðis Keflavíkurflugvallar. Ekki verður séð að grein 4.36 eigi við um ofanvatn frá bílastæðum. Í grein 4.18 segir í undirkafla um bílastæði að gera skuli grein fyrir aðferðum við meðhöndlun ofanvatns á aðalskipulagsuppdráttum vegna byggingarleyfis. Í undirkafla í grein 4.18 í sömu skipulagsskilmálum um ofanvatnsrásir segir að tekið skuli tillit til fjögurra atriða við nánari útfærslu deiliskipulagsins við hönnun ofanvatnsrása. Af þessu verður ekki séð að afar strangar kröfur séu gerðar um mengunarvarnarbúnað á svæðinu né hvaða búnaði verður beitt á nýju bílastæði. Óskað er eftir nánari skýringum á þessu og lýsingu á því hvernig tryggt verði að mengað vatn af bílastæði berist ekki ofan í grunnvatn á svæðinu. Í þessu tilliti er bent á að svæðið sem deiliskipulagsbreytingin tekur til er ofan á grunnvatnshlotinu Rosmhvalanes 2 sem er undir álagi samkvæmt skilgreiningu Umhverfis- og orkustofnunar. Engar settjarnir eru merktar inn á deiliskipulagsuppdráttinn.

ISAVIA er þátttakandi í verkefni sem styrkt er af Evrópusambandinu um innleiðingu vatnatilskipunar sambandsins (verkefni 101147387 – LIFE23-IPE-IS-LIFE ICEWATER) og er þar með skuldbundið til að vinna að þeim verkefnum sem tilgreind eru í samningi um verkefnið. Þar kemur fram að þátttaka ISAVIA miðar m.a. að því að draga úr álagi á grunnvatn á svæðinu

með innleiðingu blágrænna ofanvatnslausna. Bent er á að fyrirætlanir ISAVIA sem koma fram í deiliskipulagstillögunni verða að ríma við þær tillögur sem koma fram í samningi um Icewater verkefnið. Ekki er ljóst hvernig ætlunin er að flétta saman framkvæmdir samkvæmt nýju deiliskipulagi og framkvæmdir sem eru fyrirhugaðar vegna Icewater verkefnisins.

Virðingarfyllst,

Daði Þorbjörnsson

teymi hafs og vatns

Rakel Sæmundsdóttir

teymi leyfa og umsagna